

Nefndarálit

um frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hlyn Ingason frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, Karítas H. Gunnarsdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti, Rósu V. Guðmundsdóttur og Kára Þórðarson frá Ásútgáfunni ehf., Herdís Hallvarðsdóttur og Gísla Helgason frá Hljóðbók slf., Stefán Hjörleifsson frá Storytel á Íslandi, Aðalstein Júlíus Magnússon frá Hlusta ehf., Gísla Einarsson frá Nexus afþreyingu ehf., Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur og Helgu Kristínu Gunnarsdóttur frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Sverri Örn Björnsson frá yfirskattanefnd, Heiðar Inga Svansson, Halldór Birgisson og Bryndísi Loftsdóttur frá Félagi íslenskra bókaútgefenda, Margræti Tryggvadóttur og Ragnheiði Tryggvadóttur frá Rithöfundasambandi Íslands, Friðbjörgu Ingimarsdóttur og Jón Yngva Jóhannsson frá Hagþenki, Erling Jóhannesson frá Bandalagi íslenskra listamanna og Gunnar Helgason og Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur frá SÍUNG – Samtökum íslenskra barna- og unglingabókahöfunda. Umsagnir um málið bárust frá Ásútgáfunni ehf., Bandalagi íslenskra listamanna, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Hagþenki, Hljóðbók slf., Hlusta ehf., Landsbókasafni – Háskólabókasafni, Nexus afþreyingu ehf., Rithöfundasambandi Íslands, SÍUNG – Samtökum íslenskra barna- og unglingabókahöfunda, Storytel á Íslandi og yfirskattanefnd.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót stuðningskerfi fyrir bókaútgefendur vegna kostnaðar sem fellur til við útgáfu bóka á íslensku þannig að heimilt verði, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að endurgreiða 25% kostnaðar við slíka útgáfu.

Helsta markmið frumvarpsins er að styðja við og efla útgáfu bóka á íslensku í því skyni að vernda íslenskt mál, sem á undir högg að sækja, ásamt því að efla læsi. Hinn 5. október sl. rituðu forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra undir viljayfirlýsingu um vitundarvakningu um mikilvægi íslensks máls ásamt fulltrúum Kennarasambands Íslands, Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Samkvæmt yfirlýsinguinni verður lögð áhersla á að finna viðtækan samstarfsgrundvöll til að vekja athygli og áhuga á íslensku, stuðla að virkri notkun tungumálsins og vinna að jákvæðara viðhorfi, ekki síst barna og unglunga, til íslenskrar tungu. Við þetta tilefni kom fram hjá mennta- og menningarmálaráðherra að samstarfið væri mikilvægt til að snúa vörn í sókn fyrir íslenska tungu og að dæmi um skref sem stigin yrðu á þessari vegferð væru aðgerðir til að styðja við útgáfu bóka á íslensku.

Aðrar hugmyndir um stuðning við útgáfu íslenskra bóka voru ræddar í starfshópi fjármála- og efnahagsráðuneytis, t.d. tillaga um afnám virðisaukaskatts á bækur. Sú leið sem lögð er til í þessu frumvarpi er talin árangursríkari og skilvirkari og má horfa til fyrirmyndar í tíma- bundnum stuðningi við kvikmyndir og hljóðritun.

Þeim stuðningi við bókaútgáfu sem felst í frumvarpinu er ætlað að virka sem hvati fyrir bókaútgefendur. Velta bókaútgáfu hefur dregist saman og rekstrarstaða útgefenda versnað. Bókaútgáfa er ein af mikilvægustu stöðum íslenskrar menningar og gildi hennar fyrir verndun og stuðning við íslenska tungu og eflingu læsis er óumdeilt. Það er því meginmarkmið og í samræmi við lög og hlutverk ríkisins, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu, að bregðast við þessari þróun og efla með þessum hætti íslenska tungu og stuðla að bættu læsi barna og unglinga. Gert er ráð fyrir því að ábati neytenda felist í verðlækkun og auknu úrvali, t.d. með aukinni útgáfu hljóð- og rafbóka.

Í kjölfar athugasemda í umsögnum um frumvarpið og umfjöllunar um málið með gestum hefur nefndin ákveðið að leggja til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lagt er til að við 2. gr. bætist ákvæði um að lögin eigi ekki við um útgáfu opinberra aðila á bókum. Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 3. gr. Annars vegar er lögð til viðbót við skilgreiningu á hugtakinu bók þannig að ritraðir falli þar undir. Með ritröð er t.d. átt við bókaseriur sem innihalda bækur sem koma út reglulega undir sama nafni, númeraðar eða ónúmeraðar, t.d. bækur á borð við Lukku Láka, Tinna og Ástrík, og eiga slíkar ritraðir ekki að teljast til tímarita. Hins vegar er lögð til viðbót við skilgreiningu á því hvenær bók telst gefin út þannig að þar verði vísað til bókasafnskerfisins Gagnis. Þá eru lagðar til breytingar á 5. gr. Í fyrsta lagi um að unnt verði samkvæmt reglugerð að ákveða lægri fjárhæðarmörk en 1 millj. kr. enda er kostnaður við útgáfu tiltekinna tegunda bóka einatt undir þeirri fjárhæð. Í öðru lagi að við bætist ákvæði um að umsækjandi staðfesti greiðslur til höfunda eða réttshafa. Einnig leggur nefndin til að við 8. gr. bætist ný málsgrein um endurákvörðun endurgreiðslu samkvæmt lögnum. Slíkt ákvæði er í samræmi við ákvæði í lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Að lokum er lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. og lagfæring á tilvísunum í 2. másl. 11. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins skal umsókn um endurgreiðslu berast í síðasta lagi níu mánuðum eftir útgáfu bókar. Þá er í 3. mgr. 8. gr. kveðið á um að vísa skuli umsókn frá ef umsókn um endurgreiðslu berst eftir að níu mánuðir eru liðnir frá útgáfu bókar. Nefndin bendir á að ekki er hægt að sjá alla hluti fyrir og geta atvik t.d. verið með þeim hætti að umsækjandi hafi verið í góðri trú um að umsókn væri skilað á réttum tíma en ytri atvik sem umsækjandi hefur ekki stjórn á geta leitt til þess að umsókn berst ekki innan lögbundins frests. Má þar t.d. nefna utanaðkomandi og ófyrirsjáanleg ytri atvik og eins mætti hugsa sér mistök sem varða móttöku umsóknar eða ferlið hjá nefndinni, t.d. ef það ferst fyrir að bóka erindi á réttum tíma þótt umsókn hafi sannanlega verið send áður en lögbundinn frestur rann út. Meta þarf aðstæður í hvert sinn en það getur verið verulega íþyngjandi fyrir umsækjanda ef umsókn er sjálfkrafa hafnað ef hún berst eftir lögbundinn frest vegna atvika sem umsækjandi sjálfur hefur ekki getað haft stjórn á.

Samkvæmt 11. gr. hefur ráðherra heimild til að setja reglugerð um framkvæmd laganna og er þar m.a. unnt að kveða á um frestun á endurgreiðslu sem kann að vera umfram fjárveitingar Alþingis. Nefndin bendir á nauðsyn þessa og vísar til 41. gr. stjórnarskrárinnar um að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Einnig má vísa til 1. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, um skilvirka og hagkvæma opinbera fjárstjórn ríkisfjármála. Fordæmi fyrir frestun endurgreiðslu er í lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, og lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist, nr. 110/2016.

Samkvæmt frumvarpinu munu lögin gilda til ársloka 2023 og skal ráðherra fyrir lok árs 2022 láta gera úttekt á árangri þess stuðnings sem felst í frumvarpinu. Nefndin telur rétt að sömuleiðis verði farið yfir það hvort setja eigi þak á endurgreiðslur fyrir einstakt verk.

Jón Steindór Valdimarsson ritar undir álit þetta með fyrirvara.

Guðmundur Ingi Kristinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur álit þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. desember 2018.

Páll Magnússon,
form.

Willum Þór Þórsson,
frsm.

Guðmundur Andri Thorsson.

Steinunn Þóra Árnadóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Anna Kolbrún Árnadóttir.

Birgir Ármannsson.

Helgi Hrafn Gunnarsson.

Jón Steindór Valdimarsson,
með fyrirvara.